



Borgarráð

### **Samstarf við KLAKE-Icelandic Startups um framkvæmd Hringiðu og Gulleggsins**

Lagt er til að borgarráð samþykki endurnýjun meðfylgjandi samnings við Klak-Icelandic Startups, til tveggja ára um áframhaldandi samstarf og framkvæmd viðskiptahraðalsins Hringiðu. Hringiða hefur það að markmiði að draga fram, efla og styðja við nýsköpunarverkefni fyrirtækja og stofnana sem byggja á hugmyndafræði hringrásarkerfisins og Gulleggsins, stærstu frumkvöðlakeppni landsins. Árlegt fjárframlag Reykjavíkurborgar verður 10 m.kr. vegna framkvæmdar viðskiptahraðals og 2,5 m.kr. til framkvæmdar á Gullegginu. Kostnaðurinn verður færður af kostnaðarstað 09510.

### **Greinargerð**

Reykjavíkurborg hefur síðan 2021 gert samstarfssamning við Klak-Icelandic startups um framkvæmd viðskiptahraðals. Að auki við endurnýjun samnings samþykkti borgarráð þann 3. febrúar 2022 að gerast bakhjarl í Gullegginu. Árlegt stuðningsframlag Reykjavíkurborgar til Klak-Icelandic Startups hefur verið 10 m.kr. fyrir viðskiptahraðalinn Hringiðu og 2,5 m.kr. vegna Gulleggsins.

Hringiða er sex vikna viðskiptahraðall sem byggir á alþjóðlegri fyrirmynd og er ætlað að draga fram, efla og styðja nýja tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búnir til að kynna verkefni sín fyrir fjárfestum og sækja styrki í Evrópusjóði sem styðja verkefni sem draga úr losun. Í gegnum verkefnið er allt að tíu sprotaverkefnum veittur aðgangur að breiðu tengslaneti leiðbeinenda úr atvinnulífinu og markvissri þjálfun.

Sjá nánar í samantekt Hringiðu 2023 í viðhengi.

Gulleggið er stærsta frumkvöðlakeppnin á Íslandi og er í umsjá KLAKE – Icelandic Startups. Keppnin var haldin í 16. skipti í ár. Lögð er rík áhersla á fjölbreytni verkefna og er keppnin ætluð hugmyndum á frumstigi. Keppendur mega ekki hafa tekið inn fjármagn umfram tvær milljónir króna eða byrjað að hafa tekjur af hugmyndinni.

Markmið keppinnar er að stækka frumkvöðlaumhverfið á Íslandi og auka þekkingu á nýsköpun. Þátttaka í Gullegginu á að gera þeim sem hafa áhuga á að verða frumkvöðlar kleift að taka sín fyrstu skref. Með hjálp reyndra frumkvöðla og sérfræðinga úr atvinnulífinu viljum við greiða leið þeirra sem vilja starfa í senunni og láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Gulleggið er því í raun fyrsta skrefið til þess að fóta sig í frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi.

Áframhaldandi stuðningur við viðskiptahraðalinn Hringiðu og frumkvöðlakeppnina Gulleggið styður við markmið Græna plansins sem og atvinnu- og nýsköpunarstefnu, þar sem lögð er



Reykjavíkurborg

áhersla á að mæta áskorunum vegna loftlagsvár m.a. við að skapa frjóan jarðveg fyrir nýsköpunarfyrirtæki.

Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóri

Hjálagt:

Drög að samningi við Icelandic Startups.

Hringiða, samantekt 2023.

Gulleggið, samantekt 2023.



Reykjavíkurborg kt. 530269-7609, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík, hér eftir nefnd samstarfsaðili og Klak Innovit kt. 440500-2690, Bjargargötu 1, 102 Reykjavík, hér eftir nefnt Klak-Icelandic Startups, gera með sér eftirfarandi

## Samstarfssamning

### 1. gr. Tilgangur og gildissvið

Markmið samningsins eru að efla frumkvöðlastarfsemi og veita samstarfsaðilanum tækifæri til að hafa áhrif á stefnu stuðningsverkefna við nýsköpun meðal annars með það fyrir augum að hvetja til nýrra lausna á áskorunum sem samstarfsaðili stendur frammi fyrir. Í þessu augnamiði mun samstarfsaðili styðja fjárhagslega við bakið á árlegum viðskiptahraðli á vegum Klak-Icelandic Startups og við Gulleggið frumkvöðlakeppni Klak-Icelandic Startups.

### 2. gr. Samningsverkið

Klak-Icelandic Startups skuldbindur sig til þess að framfylgja eftirfarandi:

2.1. Að tryggja ár hvert á gildistíma samnings þessa tilvist viðskiptahraðals sem stuðlar að því að finna lausnir sem borgarsamfélög standa frammi fyrir, hafa milligöngu um fullfjármögnun hraðalsins, annast markaðssetningu verkefnisins, útvega nauðsynlegt húsnæði, búnað og mannafla sem til þarf og annast skipulagningu og framkvæmd verkefnisins að öllu leyti eftir atvikum í samstarfi við einn eða fleiri samstarfsaðila.

2.2. Að samstarfsaðili fái tækifæri til að hafa áhrif á það hvaða hraðall verður haldinn á hverju ári í samstarfi við Klak-Icelandic Startups og geti lagt fram tillögur um áherslur og framkvæmd þó endanleg ákvörðun um slíkt hvíli hjá Klak-Icelandic Startups.

2.3. Að samstarfsaðili fái að skipa tvo fulltrúa í stýrihóp þess hraðals sem valinn er ár hvert.

2.4. Að samstarfsaðila muni gefast tækifæri til að taka þátt með Klak-Icelandic Startups í því að halda viðburði fyrir háskólasamfélagið í Reykjavík vegna Gulleggsins.

2.5. Gefa samstarfsaðila tækifæri á að markaðssetja sínar áskoranir til verðandi þátttakenda Gulleggsins í gegnum fjölmenna viðburði sem haldnir eru í samstarfi við nýsköpunarnefndir háskólanna.

### 3. gr. Fjárhagsskuldbindingar og greiðslur

Samningurinn gildir í 2 ár frá 11. febrúar 2024 og tekur við af fyrri samningi Reykjavíkurborgar og Klak Innovit.

Samstarfsaðili skuldbindur sig til þess að framfylgja eftirfarandi:

3.1. Að leggja fram eftirfarandi árlegt stuðningsframlag til Klak-Icelandic Startups:

10.000.000,- krónur árlega vegna framkvæmdar á viðskiptahraðli; og

2.500.000,- krónur vegna Gulleggsins frumkvöðlakeppni.

3.2. Framlag samstarfsaðila skal greiðast í fjórum greiðslum yfir samningstímann;

15. janúar 2024 2.500.000 kr

15. júlí 2024 10.000.000 kr

15. janúar 2025 2.500.000 kr

15. júlí 2025 10.000.000 kr

Greiðsla skal fara fram gegn framvísun reiknings. Reikningurinn skal stílaður á Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609. Nafn Klak Innovit, kennitala og heimilisfang skal einnig koma fram á reikningnum sem skal vera með fyrirfram prentuðu númeri.

### 4. gr. Ábyrgðaraðilar og tengiliðir

Umsjón og eftirlit með framkvæmd samnings þessa annast skrifstofa borgarstjóra og borgarritara hjá Reykjavíkurborg og framkvæmdastjóri Klak-Icelandic Startup sem er tengiliður við Reykjavíkurborg.

### 5. gr. Eftirlit, eftirfylgni og kynningarmál

Að loknu hverju starfsári sem samningur þessi gildir skulu Klak-Icelandic Startups skila samstarfsaðila árituðum ársreikningi og greinargerð um ráðstöfun fjárframlags samstarfsaðila. Skil eru í síðasta lagi þann 1. maí ár hvert.

Klak-Icelandic Startups skulu halda kynningu á því verki sem fjárveiting fór til án sérstakrar þóknunar sé eftir því óskað af samstarfsaðila. Klak-Icelandic Startups skulu upplýsa í kynningum á starfsemi sinni að þær njóti fjárframlaga frá Reykjavíkurborg.

Allt markaðs- og kynningarefni sem unnið er í tengslum við hraðalinn, ljósmyndir, upptökur o.þ.h. er sameiginleg eign Klak-Icelandic Startups og samstarfsaðila.

## 6. gr. Trúnaðarupplýsingar

Allar upplýsingar, jafn munnlegar sem skriflegar, sem samningsaðilar kunna að hljóta vitneskju um og varða viðskiptahagsmuni Klak-Icelandic Startups, fyrirtækja sem nýta sér aðstöðu Klak-Icelandic Startups, viðskiptahugmyndir, viðskiptaáætlanir og ágríp sem send eru inn til þátttöku í Frumkvöðlakeppni Klak-Icelandic Startups eða eru að öðru leyti tengd Klak-Icelandic Startups, skilgreinast sem trúnaðarupplýsingar. Litið er á allar upplýsingar sem önnur fyrirtæki, viðskiptahugmyndir og verkefni sem á einhvern hátt eru tengd Klak-Icelandic Startups sem trúnaðarupplýsingar, hvort sem um er að ræða skrifleg gögn, munnlegar upplýsingar, samskipti á fundum og öllu öðrum sem samningsaðilar kunna að verða vitni að og geta varðað viðskiptahagsmuni annarra.

Samningsaðilar skulu virða sem trúnaðarmál allar þær upplýsingar um starfsemi gagnaðila sem þeir kunna að öðlast við framkvæmd samnings þessa nema lög kveði á um annað, enda séu þær ekki almennt þekktar eða hafi verið gerðar opinberar. Þagnarskylda gildir áfram eftir samningslok. Samningsaðilar og fulltrúar þeirra skulu virða þagnarskyldu skv. 101 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og meðhöndla persónuupplýsingar af fyllsta trúnaði og gæta ákvæða laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

## 7. gr. Fyrirvarar, vanefndir og meðferð deilumála

Samningur þessi er gerður með fyrirvara um samþykki borgarráðs og borgarstjórnar og eru fjárveitingar Reykjavíkurborgar eftir fyrsta ár samningsins með fyrirvara um fjárheimildir samkvæmt fjárhagsáætlun á hverju ári eftir það.

Samningsaðili áskilur sér rétt til að rifta samningi þessum og/eða krefjast endurgreiðslu ef sannanlega er um forsendubrest eða vanefndir að ræða af hálfu Klak-Icelandic Startups. Telji annar aðilanna sig ekki geta uppfyllt ákvæði samnings þessa skal tilkynnt um það tafarlaust skriflega. Geti Klak-Icelandic Startups ekki uppfyllt þau atriði sem nefnd eru í málsgreinum 2.1. - 2.5 skulu samtarsaðili og Klak-Icelandic Startups leita leiða til að finna ásættanlega lausn á því máli. Ef fjárframlag frá samningsaðila er notað í öðrum tilgangi en samkvæmt samningi þessum eða á þann hátt að gengur í berhögg við markmið og stefnu Reykjavíkurborgar áskilur samningsaðili sér rétt til að rifta samningum og/eða krefjast endurgreiðslu framlagsins að hluta eða öllu leyti þegar í stað.

Rísi mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### 8. gr. Framsal

Klak-Icelandic Startups er með öllu óheimilt að framselja skyldur sínar samkvæmt samningi þessum án samþykkis Reykjavíkurborgar.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hver aðili sínu eintaki. Undirritaðir aðilar staðfesta samning þennan með undirritun sinni í votta viðurvist.

Reykjavík [DAGS.] 2023

\_\_\_\_\_  
F.h. Klak-Icelandic Startups  
Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir, framkvæmdastjóri

\_\_\_\_\_  
F.h. Reykjavíkurborgar  
Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri

**Vitundarvottar:**

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala

\_\_\_\_\_  
Nafn og kennitala



# Hringiðá

**Samantekt 2023**

# Hringiða

---

**Markmið Hringiðu er að draga fram, efla og styðja við nýsköpunarverkefni fyrirtækja og stofnanna sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfisins.**

Hringiða er sex vikna viðskiptahraðall sem ætlað er að draga fram, efla og styðja nýja tækni og aðferðir sem raunverulega leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum með það fyrir augum að þátttakendur verði í lok hraðals í stakk búnir til að kynna verkefni sín fyrir fjárfestum og sækja styrki í Evrópusjóði sem styðja verkefni sem draga úr losun.

Viðskiptahraðallinn byggir á alþjóðlegri fyrirmynd og býður upp á metnaðarfullan vettvang og góðan undirbúning fyrir umsóknir í Evrópustyrki. Þungamiðjan í hraðlinum felst í skipulögðum fundum þátttakenda með reyndum frumkvöðlum, fjárfestum og öðrum sérfræðingum.



# Umfang 2023



50% 50%

16

Þátttakendur



4

Viðburðir



57% 43%

21

Fyrirlestrar og  
vinnustofur



7

Teymi



65% 35%

17

Mentorar



35

Mentorafundir

# Markaðsstarf





# Markaðsstarf

---

Settar voru upp herferðir á tímabilinu 15. mars til 15. maí 2023.

## Fasi 1: Umsóknarfrestur

- 1 skipulagður kynningarfundur í upphafi umsóknartímabils.

## Fasi 2: Sýnileiki hraðalsins og teymanna

- Hringiðu hádegi í Grósku
- Prosecco and Pitch viðburður í Grósku

## Fasi 3: Lokaviðburður Hringiðu

- Beint streymi frá lokaviðburðinum
- Þakkarmyndband í kjölfar hraðalsins





# Birtingar

---

- Einstaklingar sem fengu auglýsingarnar: **69.219 manns**
- Heildarfjöldi birtinga: **581.401 birtingar**
- Alls smellt á kostaðar auglýsingar á Facebook og Instagram: **2.183 skipti**
- **15 umfjallanir** birtust um Hringiðu.



# Fjölmiðlaumfjöllun

Alls birtust **15** umfjallanir í fjölmiðlum



**START-UPS PUT THE WEIGHT ON THE CIRCULAR ECONOMY**

March 20, 2023

[f](#) [t](#) [in](#) [e](#)

Press release from **KLAK**

Seven outstanding and diverse start-ups have been selected to participate in Hringiðu 2023, a business accelerator and a collaborative platform for companies in Iceland, which put all the weight on the circular economy and ensure that resources are maintained in the economy.



## Allir geta stutt við sprota og mikið fjármagn sótt nú þegar

Rakel Sveinsdóttir skrifar · 3. maí 2023 07:01



Ásta Sóllilja Guðmundsdóttir er nýr framkvæmdastjóri KLAK og hún segir alla geta stutt við sprota. Til dæmis geti það skipt sköpum fyrir nýsköpunarverkefni sem fá stóra styrki erlendis frá, að geta sýnt að þeir séu með viðskiptavinum á heimamarkaði. Í vikunni klárast Hringiða hraðall KLAK sem nú

VÍSIR/VILHELM



## Framtíðarstjörnum fagnað heitt og innilega

Smartland Mörtu Maríu | Samkvæmislífið | mbl | 10.5.2023 | 10:28 | Uppfært 11:53



Það var stuð og stemning á uppskerudegi Hringiðu í umsjón Klak síðastliðinn föstudag. Samsett mynd



## Bruggað úr úrgangi og nóg að sækja lífrænt sorp á sex vikna fresti

Rakel Sveinsdóttir skrifar · 4. maí 2023 07:00



Þjórk Brynjarsdóttir og Julia Brenner eru stofnendur Melta sem nú vinnur að nýju söfnunar- og flokkunarkerfi fyrir lífrænt sorp sem einfaldar flokkunina fyrir íbúa, lágmarkar lykt, minnkar þríf á fótum, fækkar ferðum út með ruslið og fleira. Úrgangurinn endar síðan í brugghúsi sem býr til áburð fyrir landbúnaðinn.

VÍSIR/VILHELM



VALMYND



20. mar. 2023 Almennar fréttir Lónaður og hugverk Nýsköpun

## Sjö sprotafyrirtæki taka þátt í Hringiðu 2023



FRETTABLADID.IS

## Sprotafyrirtæki skipa sér í forystu á alþjóðavísu í umhverfismálum

Innlent Sprotafyrirtæki skipa sér í forystu á alþjóðavísu í umhverfismálum í hópnum...



Ýmis tæki og tól til láns á bókasöfnum í borginni



## Ýmis tæki og tól til láns á bókasöfnum í borginni

Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir deildarstjóri hjá Borgarbókasafninu ræddi við okkur um hringrásar safnið á Borgarbókasafninu.





## Alor og Straumlind í samstarf

feykir.is | Skagafjörður, Austur-Húnavatnssýsla, Vestur-Húnavatnssýsla | 10.05.2023 | kl. 09.05 | palli@feykir.is



Linda Fanney Valgeirsdóttir, framkvæmdastjóra Alor og Símon Einarsson, framkvæmdastjóri Straumlindar, við undirritun samstarfssamnings. Aðsend mynd.



11. maí 2023 Almennar fréttir Iðnaður og hugverk Nýsköpun Orka og umhverfi

## Lokadagur Hringiðu

Fulltrúi SI, Nanna Elísa Jakobsdóttir, viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði SI, var meðal þátttakenda á lokadegi Hringiðu í umsjón Klaks sem fór fram í Nauthól síðastliðinn föstudag. Á deginum kynntu sjö sprotafyrirtæk í Hringiðu verkefni sín sem leysa aðsteðjandi úrlausnarefni í umhverfismálum fyrir fjárfestum og áðrum áhugasömum um hringrásarhækerfið. Sprotafyrirtækin

## Sprotafyrirtæki skipa sér í forystu á alþjóðavísu í umhverfismálum, Alor þar á meðal

feykir.is | Skagafjörður, Austur-Húnavatnssýsla, Vestur-Húnavatnssýsla | 17.03.2023 | kl. 13.28 | palli@feykir.is



Sjö framúrskarandi og fjölbreytt sprotafyrirtæki hafa verið valin til þátttöku í Hringiðu 2023. Aðsend mynd.

## ARCTIC BUSINESS JOURNAL

HRINGIÐA 2023 OPEN FOR APPLICATIONS ON JANUARY 20TH

January 23, 2023



Press release from Klak



## ARCTIC BUSINESS JOURNAL

INCREASING NUMBER OF PARTNERS CIRCLE 2023

February 22, 2023



Press release from KLAk



## NUKIGA




Hringiða  
CIRCULAR ACCELERATION IN ICELAND  
Iceland | Innovations

Icelandic companies were selected for the Icelandic business accelerator, Hringiða. With this, Icelandic startup ecosystem supporter KLAk sets the ambition for circular economy and the green transition.

ponsored by: Signe Lyngholm Lindbjerg



# Markaðsstarf - Grafík





# Samanburður

---



Samanburður var gerður á tölum milli ára 2022 og 2023. Sýnileiki hraðalsins var töluvert meiri í ár heldur en í fyrra, bæði á samfélagsmiðlum og í fjölmiðlum.

## 2023

- **69.219** - Einstaklingar sem fengu auglýsingarnar.
- **581.401** - Heildarfjöldi birtinga.
- **2.183** - Alls smellt á kostaðar auglýsingar á Facebook og Instagram.
- **15 umfjallanir** birtust um Hringiðu. Þar af 4 umfjallanir á erlendum miðlum.

## 2022

- **46.200** - Einstaklingar sem fengu auglýsingarnar.
- **265.541** - Heildarfjöldi birtinga.
- **999** - Alls smellt á kostaðar auglýsingar á Facebook og Instagram.
- **9 umfjallanir** birtust um Hringiðu.

# Umsóknir og teymi






# Tölfræði umsókna

**19** umsóknir  
8 ógildar umsóknir

**20%** af landsbyggðinni

**36%** erlendar umsóknir



Skipting umsókna eftir  
landshlutum



62% 38%

Kynjahlutfall  
umsækjenda





# Þátttakendur

---

16



7

Þátttakendur

50% 50%

Teymi

---

## Landsvæði

7 teymi af höfuðborgarsvæðinu

2 teymi með tengsl við Vestfirði


---

## Tegundir verkefna

- Orkugeymsla
- Hringrásarþjónusta
- Lífeldsneyti
- Vottun kolefniseininga
- Umhverfisvæn veiðifæri



# Teymin 2023



## Alor

Alor vinnur að þróun og framleiðslu á umhverfisvænum álrafhlöðum og orkugeymslum af mismunandi stærðum þ.e. frá litlum rafhlöðum og rafgeymum yfir í stórar orkugeymslur í gámastærðum.



## Melta

Hringrásarþjónusta og framleiðsla á lífrænum áburði úr lífúrgangi í dreifbýlum sveitarfélögum




## Orb

Orb þróar tækni til að mæla kolefnisbindingu skóga á ódýran og aðgengilegan hátt til að stuðla að ábyrgri kolefnisjöfnun og framleiðslu vottaðra kolefniseininga.




## Munasafn

Munasafn RVK Tool Library veitir samfélögum sanngjarnan og fjárhagslegan aðgang að tólum og öðrum munum.



## Bambahús

Bambahús eru gróðurhús sem stuðla að eflingu hringrásarhagkerfisins þar sem endurnýttar eru vökvaumbúðir sem annars væru fluttar úr landi og urðaðar. Húsin eru létt, traust, fyrnasterk og sérhönnuð með íslenskt veðurfar í huga.



## Mar Eco

Mar Eco stendur fyrir Marine Ecolocial Solutions en markmiðið er að vinna að umhverfisvænum lausnum í framleiðslu og notkun veiðarfæra. Endurunnið plastruð úr sjó, bláa hagkerfið og umhverfisvænar veiðar.



## Resea Energy

Resea Energy er rannsóknar- og þróunarfyrirtæki sem stefnir á framleiðslu á lífeldsneyti úr hrati frá ræktuðu þangi.




# Samanburður

Borin voru saman töluleg gögn um fjölda umsókna milli ára frá því að Hringiða hófst árið 2021. Fækkun hefur orðið í umsóknum en kynjahlutfallið hefur jafnast milli ára.

**2023**

**19** umsóknir

**7** Teymi



50% 50%

**2022**

**29** umsóknir

**7** Teymi



48% 52%

**2021**

**31** umsóknir

**9** Teymi

7 teymi kláruðu hraðalinn



69% 31%

# Uppbygging Hringiðu og endurgjöf teymanna

Í kjölfar verkefnisins var send út viðhorfskönnun til  
þáttakenda og var svarhlutfallið 85%

# Markmið Hringiðu

- Dagskráin keyrð á sama tíma og margt er í gangi í umhverfis- og nýsköpunargeiranum. **Tækifæri** og hvatning til að mæta á viðburðina og vera í suðupottinum.
- Undirbúa teymin að sækja um í **Evrópusjóði**
  - m.a. Life áætlunina.
- Bjóða upp á vinnustofur með reyndum frumkvöðlum, fjárfestum og öðrum sérfræðingum, *þar sem boðið er upp á verkefnavinnu í stað fyrirlestra.*
- Efla tengslanet teymanna út í atvinnulífið.
- Velja inn fjölbreytt teymi sem geta lært hvert af öðru.

# Uppbygging hraðalsins

- Dagskráin var unnin með Inspiralia og tóku flestar vinnustofur mið af þeim þáttum sem huga þarf að í umsóknarferlinu.
- Tengjast hagaðilum innan **umhverfisgeirans**

Skipulagðar vinnustofur hjá samstarfsaðilum og bakhjörllum

Hádegisverður með stofnendum nýsköpunarfyrirtækja þar sem þau deila reynslu sinni og þekkingu

- Bjóða upp á a.m.k. tvo opna viðburði þar sem þátttakendur fá tækifæri til að kynna verkefnin sín, þjálfra framkomu og efla tengslanetið.

# Hraðall hófst

14. mars



Staðsetning:  
Gróska



Staðsetning:  
Breið þróunarfélag á  
Akaranesi



Staðsetning:  
Gróska



Staðsetning:  
Samtök iðnaðarins



*Evrópustyrkir*



Staðsetning:  
Gróska




Staðsetning:  
Rannís

**Hraðli lauk**  
5. maí





## Hvernig heyrðir þú af Hringiðu?




## Hvaða væntingar hafðir þú til Hringiðu áður en hraðallinn hófst?

„Focus on EU grant applications. Workshops and hands-on assistance with EU grant applications. Workshops and events on circular economy, environmental and social impact. Exposure to angel investors “

„We wanted to learn and get feedback from stakeholders. As well we wanted to learn more about grants. “


„Við erum með gott verkefni, en okkur vantaði að koma skýrari heildarmynd á verkefnið og fá utanaðkomandi sýn og ráðgjöf hvernig við ættum að kynna verkefnið, skoða veikleika, styrkleika og draga fram helstu áherslur til að gera verkefnið fýsilegan fjárfestingakost“

Hversu vel eða illa mætti Hringiða væntingum þínum?






# Hversu miklu máli skiptu eftirfarandi þættir þegar þú sóttir um í Hringiðu?



# Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti verkefnisins?



# Fyrirlesarar & vinnustofur


21

Fyrirlestrar og  
vinnustofur




58% 42%

<b>Hafdís Huld Björnsdóttir</b>	Framkvæmdastjóri og stofnandi RATA
<b>Harpa Magnúsdóttir</b>	Framkvæmdastjóri og stofnandi Hoobla
<b>Gyða Einarsdóttir</b>	Sérfræðingur á rannsókn- og nýsköpunarsviði hjá Rannís
<b>Anna Margrét Guðjónsdóttir</b>	Stofnandi og framkvæmdastjóri Evris
<b>Atli Björgvinsson</b>	Markaðsráðgjafi
<b>Júlíus Birgir Kristinsson</b>	Meðstofnandi og fjármálastjóri ORF Líftækni
<b>Svava Björk Ólafsdóttir</b>	Framkvæmdastjóri Framvís
<b>María Ellingsen</b>	Leikkona og framkomuþjálfari
<b>Jarprúður Ásmundsdóttir</b>	Fagstjóri hugvits og tækni, Íslandsstofa
<b>Jón Ingi Benediktsson</b>	Sérfræðingur hjá HVÍN
<b>Ósvaldur Knudsen</b>	Framkvæmdastjóri Laki Power
<b>Óskar H. Valtýsson</b>	Stofnandi og tæknistjóri Laki Power
<b>Magnús Ingi Óskarsson</b>	Ráðgjafi og forstöðumaður mentora
<b>Patrick Nicholson</b>	Inspiralia
<b>Eiríkur Sigurðsson</b>	Hugverkastofa
<b>Ragnar Guðmundsson</b>	Lögfræðingur hjá Advel
<b>Birgitta Saga Jónsdóttir</b>	Lögfræðingur hjá Advel
<b>Kristján Schram</b>	Markaðsráðgjafi
<b>Renata Bade</b>	Meðstofnandi GreenBytes
<b>Ingólfur Gunnarsson</b>	Running Tide



# Fyrirlestrar & vinnustofur

Hversu ánægð/ur varstu með aðstoð Hringiðu þegar kom að eftirfarandi þáttum?




\*Hér svöruðu 5 teymi





### Hversu oft telur þú að eftirtaldir þættir ættu að vera?




# Inspiralia

Inspiralia eru alþjóðlegir sérfræðingar í umsóknum Evrópustyrkja. Í Hringiðu 2022 fóru Inspiralia fyrirlestrar fram á netinu en í ár komu fulltrúi fyrirtækisins til landsins til að hitta teymin á ráðgjafafundi. Haldin var Inspiralia dagur í Grósku ásamt 30 mínútna ráðgjafafundum fyrir hvert teymi.

Fundirnir fóru fram dagana 25.-26. apríl 2023.

Hversu ánægð/ur varstu með aðstoð Inspiralia þegar kom að eftirfarandi þáttum?



**Patrick Nicholson**  
Fyrirlesari og ráðgjafi hjá  
Inspiralia





## Viðburðir

Haldnir voru tveir opnir viðburðir yfir tímabilið með það að markmiði að auka sýnileika hraðalsins, efla tengslanet teymanna, æfa framkomu og kynna verkefnin.

- Hringiðuhádegi 29. mars
  - Ölgerðin og Vaxa með erindi
  - Um 55 gestir
- Prosecco & Pitch 19. apríl
  - Reykjavíkurborg og Orkuveita Reykjavíkur með erindi
  - Um 70 gestir

### Hversu oft telur þú að opnir viðburðir ættu að vera?









# Lokadagurinn 5. maí

Hversu ánægð/ur varst þú með undirbúninginn fyrir lokadaginn?



Hversu ánægð/ur varst þú með lokadaginn?





# Lokadagurinn 5. maí





## Var það eitthvað sem þér þótti sérstaklega gott við Hringiðu? Þættir sem við ættum að halda áfram með í komandi hröðlum Hringiðu?

"Klak is super good at organising events and lectures and bringing the best people to speak or mentor. All the events were very successful. The KLAK team is super competent and are very good at organising individual events"

"We felt supported by the KLAK team, and that they had our interests at heart. The PR work was wonderful"

"The Prosecco + Pitch event was great, and the mingle lunch with the Hringiða board (stýrihópur) was really nice"

## Hvernig getum við bætt Hringiðu á næsta ári?

"I suggest that it will be shorter and truly cut out for startup companies within the circular economy/green solutions. Less like a traditional accelerator trying to cover all aspect of running a startup: marketing, business plan, IP etc."

"More tailor made towards each team. The teams are on different stages so make room in the project to meet more the individual needs of each team. Rather than one size fits all approach"


"I feel it should be even more concentrated in certain weeks (vinna í lotum)"

"Host more social events that are less about us as "students," and more about us meeting peers in our industries"

"In terms of pitch training, it would be great to include help in terms of pitch content (not just presentation style)"




# Umsagnir þátttakenda



Myndu vilja áframhaldandi aðstoð frá KLAK í formi eftirfylgni, ráðgjafar og aðgangi að tengslaneti.

Hvetjendur  
16.7%



Letjendur  
33.3%

Hlutlausir  
50%

## Munu mæla með Hringiðu (1 - 10)

\*miða við 6 svör þátttakenda Hringiðu

Letjendur (0, 6) : 33.3%

Hlutlausir (7, 8) : 50%

Hvetjendur (9, 10) : 16,7%



# Samanburður

Í ár var dagskráin þéttari en á fyrri árum en þó með tveggja vikna pásu í kringum páska. Þátttakendur 2022 óskuðu eftir fleiri vinnustofum og færri fyrirlestrum og komið var til móts við þessar óskir í ár. Einnig var ákveðið að fá Inspíralia til landsins í stað þess að vera með fyrirlestra á netinu.

**2023**

**21**

Fyrirlestrar og  
vinnustofur

**6**

vikur

**3**

viðburðir

**2022**

**20**

Fyrirlestrar og  
vinnustofur

**8**

vikur

**3**

viðburðir

**2021**

**30**

Fyrirlestrar og  
vinnustofur

**7**

vikur

**1**

viðburður  
(covid)

**Mentorar**

# Mentorar



57% 43%

21

Mentorar


Mentorafyrirkomulag Hringiðu 2023 er byggt á hugmyndafræði MIT Venture Management Service sem hefur verið þróað í yfir tuttugu ár. Þar sitja tveir til fjórir mentorar saman á 90 mínútna löngum fundum og hittu teymin þrisvar sinnum á meðan á hraðlinum stóð.



5 mentorafundir

- 3 mentorafundir á tímabili Hringiðu
- 2 mentorafundir eftir Hringiðu

## Hversu ánægð/ur varstu með mentorafundina?



\*5 teymi svöruðu

# Mentorar



Mentorar sem  
fengu sérstaka  
viðurkenningu  
frá teyllum



**Ágúst Freyr Takács**  
VERTU



**Ása Karin Hólm**  
STRATAGEM



**Bárður Örn Gunnarsson**  
SVARTITINDUR



**Gunnar Tryggvason**  
FAXAFLÓAHAFNIR



**Halldór Sigurjónsson**  
LAGERINN ICELAND



**Haraldur Daði Ragnarsson**  
HÁSKÓLINN Á BIFRÖST



**Daddi Guðbergsson**  
E4



**Erik Figueras Torras**  
MÍLA



**Georg Lúðvíksson**  
MENIGA



**Kristín Flygenring**



**Kristín Vala Ragnarsdóttir**  
HÁSKÓLI ÍSLANDS



**Dagný Halldórsdóttir**



**Pétur Richter**  
KVÍKA EIGNASTYRING



**Kristján Schram**  
INSTRUMENT



**Rósbjörg Jónsdóttir**  
ORKUKLASINN



**Sævar Garðarsson**  
CONTROLANT



**Sandra Mjöll  
Jónsdóttir-Buch**  
HÁSKÓLI ÍSLANDS



**Sigurður Þórarinnsson**  
LANDSPÍTALI



**Vilborg Einarsdóttir**  
BRAVOEARTH




**Arnór Guðmundsson**  
MENNTA- OG  
BARNAMÁLARÁÐUNEYTIÐ






## Hversu ánægð/ur varst þú með mentorafundina?




## Hversu oft telur þú að mentorafundir eigi að vera?





# Bakhjarlar og stýrihópur

Takk fyrir stuðninginn



Stjórnarráð Íslands  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsráðuneytið



Reykjavíkurborg

**OR** Orkuveita  
Reykjavíkur



Faxaflóahafnir sf  
Associated  
Icelandic  
Ports



terra  
Umhverfisþjónusta



SI Samtök  
iðnaðarins



ÖLGERÐIN  
EGILL SKALLAGRÍMSSON

# Stýrihópur Hringiðu 2023



**Rósbjörg Jónsdóttir**  
Orkuklasinn



**Kjartan Ingvarsson**  
Umhverfis-, orku- og  
loftslagsáðuneytið



**Málfríður Guðný  
Kolbeinsdóttir**  
Ölgerðin



**Nótt Thorberg**  
Grænvangur



**Gunnar Tryggvason**  
Faxaflóahafnir



**Gyða Einasdóttir**  
Rannís



**Valdís Fjölisdóttir**  
Breið



**Hera Grímsdóttir**  
OR



**Hólmfríður Sigurðardóttir**  
OR



**Guðbjörg Óskarsdóttir**  
Tæknisetur



**Nanna Elísa  
Jakobsdóttir**  
Samtök iðnaðarins



**Óli Örn Eiríksson**  
Reykjavíkurborg



**Hulda Hallgrímsdóttir**  
Reykjavíkurborg




**Anna Margrét  
Guðjónsdóttir**  
Evrís

## Hvaða væntingar hafðir þú sem bakhjarl til Hringiðu viðskiptahraðalsins?


- Að KLAK myndi halda utan um hraðal fyrir sprotafyrirtæki sem stunda rannsóknir og þróun með hringrásarhagkerfishugsun að leiðarljósi.
- Að okkur tækist að fá inn í prógrammið fyrirtæki sem eru að þróa byltingarkenndar grænar lausnir.
- Að KLAK myndi halda utan um vinnuna að mestu eða öllu leyti, þ.e. finna teymi, halda utan um umsóknarferli, skipuleggja hraðalinn og eiga samskipti við teymin, en óska eftir leiðsögn og framlagi frá bakhjörlum á lykilvendingpunktum í verkefninu.
- Að finna mögulega umsækjendur í LIFE áætlunina og aðstoða þau í umsóknarferlinu.

## Hversu vel eða illa mætti Hringiða væntingum þínum?





## Hversu ánægð/ur varstu með einstaka þætti verkefnisins?



## Er eitthvað sem ykkur fannst sérstaklega gott við verkefnið?

- Geggjað flottir viðburðir og heiður að vera þátttakandi í svona flottu og mikilvægu verkefni.
- Ég tel að verkefnið styðji mjög vel við fyrirtæki sem eru að þróa grænar/hringrásar lausnir.
- Markaðsmálin til fyrirmyndar, í það minnsta í minni búbblu var Hringiða mjög áberandi.
- Samskiptin við KLAK starfsfólk dásamleg í alla staði.
- Andrúmsloftið skemmtilegt.

## Er eitthvað sem þið hefðuð vilja sjá öðruvísi framkvæmt?

- Tímasetningin reyndist nokkrum teyllum erfið; hraðallinn hófst stuttu áður en umsóknarfrestur til TÞS rann út. Það væri sniðugt að taka mið af umsóknarfrestinum á næsta ári.
- Tryggja þarf að teymin fái öfluga fræðslu í því hvað það er að vera clean tech fyrirtæki og hafa hraðalinn fókuseraðri á umhverfismál og tækifærin í þeim geira.
- Mér skildist á teymunum sem tóku þátt að kennsluefnið hefði frekar verið miðað að fyrirtækjum sem eru að taka sín fyrstu skref fremur en þau sem eru lengra komin líkt og þau sem við völdum til þáttöku í ár. Það væri mögulega hægt að hafa ákveðna fyrirlestra valkvæða, svosem eins og um markaðssetningu þar sem mörg teymanna hafa gert strategíu sem þau vinna eftir.
- Í sjálfu sér ekki öðruvísi framkvæmt en sennilega er nóg að hafa Hringiðu annað hvert ár.

# Eftir Hringiðu 2023

---

Öllum teymunum var boðið að taka þátt í Ok, bye ráðstefnunni í Nýsköpunarvikunni.

## Munasafn RVK Tool Library:

- Englafjölfesting - Daniel Haltia sem er alþjóðlegur þróunaraðili viðskipta hjá IKEA
- Sumarstarfsmenn í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna að upphæð 1.000.000 ISK
- Þátttaka í Greentech Europe 2023 cohort

## Alor:

- Samstarfsyfirlýsing við Straumlind
- Sumarstarfsmenn í gegnum Nýsköpunarsjóð námsmanna að upphæð 4.000.000 ISK

## Orb:

- Sproti - Tækniþróunarsjóður 20.000.000 ISK







# GULLEGGIÐ 2023



LOKASAMANTEKT







# FYRIRKOMULAG

## KEPPNIN

Gulleggið er stærsta frumkvöðlakeppnin á Íslandi og er í umsjá KLAK - Icelandic Startups. Keppnin var haldin í 16. skipti í ár. Lögð er rík áhersla á fjölbreytni verkefna og er keppnin ætluð hugmyndum á frumstigi. Keppendur mega ekki hafa tekið inn fjármagn umfram tvær milljónir króna eða byrjað að hafa tekjur af hugmyndinni.

## MARKMIÐ

Markmið keppninnar er að stækka frumkvöðlaumhverfið á Íslandi og auka þekkingu á nýsköpun. Þátttaka í Gullegginu á að gera þeim sem hafa áhuga á að verða frumkvöðlar kleift að taka sín fyrstu skref. Með hjálp reyndra frumkvöðla og sérfræðinga úr atvinnulífinu viljum við greiða leið þeirra sem vilja starfa í senunni og láta hugmyndir sínar verða að veruleika. Gulleggið er því í raun fyrsta skrefið til þess að fóta sig í frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi.

## STERK STOÐ

Þau fyrirtæki sem standa á bak við KLAK - Icelandic startups eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins, Origo, Háskólinn í Reykjavík og Háskóli Íslands. Fulltrúar þessara fyrirtækja koma öll með einum eða öðrum hætti að framkvæmd keppninar og eru sterk stoð við framkvæmdarteymi KLAK



# GULLEGGIÐ 2023

## 165 HUGMYNDIR

Í ár voru 165 hugmyndir skráðar í Masterclass og yfir 40 einstaklingar skráðu sig án hugmynda.

## 374 EINSTAKLINGAR

Á bakvið rúmlega 200 skráningar sem bárust í ár voru 374 einstaklingar.

## 101 PITCH DECK

Af þeim 200 skráningum sem skráðar voru í Masterclass í ár skiluðu 101 teymi inn 10 glæru kynningu.

## 2900 FYLGDUST MEÐ Í BEINU STREYMI

Samtals fylgdust 2900 einstaklingar með beinum streymisviðburðum Gulleggsins í ár.

## 1660 HÁSKÓLANEMAR

Haldnar voru tvær vísindaferðir í Grósku og ein á Akureyri. 800 pláss voru fullnýtt í Grósku bæði skiptin og um 60 manns mættu á viðburðinn á Akureyri.

## 800 TÓKU ÞÁTT Í RAFRÆNNI KOSNINGU

Almenningi gafst kostur á að kjósa sitt upphalds teymi meðan á keppni stóð sem var svo tilkynnt samhliða úrslitum keppinnar. Um 800 manns tóku þátt í kosningunni.





## VÍSINDAFERÐIR & GÖNGUGATA BAKHJARLA

Haldnar voru þrjár vísindaferðir í samstarfi við frumkvöðla- og nýsköpunarnefndir háskólanna. Tvær í Grósku og ein á Akureyri. Markmiðið var að kynna Gulleggið og nýsköpun fyrir háskólanemum. Í boði voru 800 pláss í Grósku sem öll fylltust um leið og um 60 manns mættu á viðburðinn á Akureyri. Fulltrúar bakhjarla tóku virkan þátt í öllum þremur viðburðunum sem hófust á erindum þeirra tengdum nýsköpun. Nemendur gátu svo rölt á milli bakhjarla á göngugötunni og kynnt sér ólíka og fjölbreytta starfsemi þeirra. Ölgerðin var með opin bar líkt og í fyrra og glæsilegir skemmtikraftar komu fram á öllum þremur viðburðunum. Frumkvöðla- og nýsköpunarnefndir Háskólanna skipulögðu viðburðina í samvinnu við framkvæmdarteymi KLAK.

Háskólanemar  
**+1660**

Þátttaka  
bakhjarla Vísó 1  
**+10**

Þátttaka  
bakhjarla Vísó 2  
**+5**

Þátttaka  
bakhjarla Vísó 3  
**+12**







## MASTERCLASS

Masterclass Gulleggsins fór fram 21. og 22. janúar í Grósku og var opin öllum. Til þess að taka þátt þurfti einungis að skrá sig og ekki var nauðsynlegt að vera með hugmynd. Masterclassinn byggðist upp á fyrirlestrum og vinnustofum reyndra einstaklinga úr atvinnulífinu og frumkvöðlaumhverfinu. Hægt var að fylgjast með í beinu streymi alla helgina og var fulltrúi frá KLAK í Háskólanum á Akureyri og studdi við þá þátttakendur sem kusu að koma saman og fylgjast með streyminu þar. Markmiðið var að kenna þátttakendum að umbreyta hugmynd í viðskiptatækifæri og hvetja alla til þess að taka fyrsta skrefið. Eftir Masterclass áttu þátttakendur að geta útbúið 10 glæru kynningu utan um hugmynd sem hægt var að skila inn og eiga þess kost að komast í topp 10. Masterclassinn í ár hófst á föstudegi eða degi 0 þar sem fyrirkomulag helgarinnar var kynnt og þátttakendur voru hvattir til þess að tengjast. Gamithra Marga sigurvegari Gulleggsins í fyrra kynnti sitt verkefni og gaf þátttakendum góð ráð. Bergur Ebbs stýrði viðburðinum og sá til þess að góð stemmning myndaðist hjá hópnum fyrir helginni. Í lok Masterclass á sunnudeginum voru þátttakendur hvattir til þess að stíga á svið óundirbúnir og segja frá hugmynd sinni á 1 mínútu. Um 25 manns nýttu sér tækifærið sem myndaði skemmtilega og góða stemmningu í lok helgarinnar.

Gestir í sal  
**+200**

Streymi  
**+1100**

Leiðbeinendur  
**+10**

Skráðir  
**+375**

Án hugmyndar  
**+41**

Hugmyndir  
**+165**







**KLAUK** Icelandic Startups

HVERT ER MARKMIDID?  
*Cordus Arnaldsson*

Alma Dóra Ríkarósdóttir

Gudjon Mar G...  
Founder

Komanu þangað?






# PITCH DECK




Eftir að Masterclass lauk höfðu þátttakendur fjóra daga til þess að skila inn kynningu í sjálfa keppnina. Þátttakendum stóð til boða að nýta aðstöðuna í Grósku þar sem KLAK teymið var til staðar og veitti leiðsögn eftir þörfum. Um 40 teymi nýttu sér þann stuðning. Í ár bárust 101 kynningar í Gulleggið en á bakvið þessar 101 kynningar voru 240 einstaklingar.


240 einstaklingar - 101 Pitch deck



Kynjahlutfall



Hefur þú áður komið að stofnun fyrirtækis?



Hefur þú stundað háskólanám síðastliðin 5 ár?



# SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Pitch deck

2023

2022

240 einstaklingar - 101 Pitch deck

159 einstaklingar - 81 Pitch deck



Kynjahlutfall

Hefur þú áður komið að  
stofnun fyrirtækis?


Hefur þú stundað  
háskólanám síðastliðin 5  
ár?

Kynjahlutfall

Hefur þú áður komið að  
stofnun fyrirtækis?


Hefur þú stundað  
háskólanám síðastliðin 5  
ár?





Hefur þú stundað háskólanám síðastliðin 5 ár ? Ef já við hvaða skóla?


## PITCH DECK



Aldursdreifing þeirra sem skiluðu inn pitch deck



# PITCH DECK




101 pitch deck - Atvinnugreinaflokkun




# SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Pitch deck





## TOPP 10



**Kynjahlutfall**

Fyrirlestrar

**+9**

Háskólanemar

**25%**

Rýnihópur

**+70**

Rýnihópur Gulleggsins í ár var skipaður af yfir 70 einstaklingum úr bakhjarla- og eigendahópi keppinnar sem og reyndum einstaklingum úr frumkvöðlasenunni. Hver umsókn var lesin að minnsta kosti 5 sinnum og henni gefin einkunn.

Topp 10 teymin sem komust áfram tóku þátt í tveggja daga vinnusmiðju byggða á frekari mótun hugmyndanna. Þátttakendur fengu framkomu- og pitch þjálfun hjá Maríu Ellingsen. Landsbankinn tók á móti teymunum á hádegisviðburði þar sem þau fluttu einnar mínútna kynningu fyrir starfsfólk bankans og í kjölfarið svöruðu spurningum. Haldinn var Shark Tank þar sem dómnefnd kom saman og gaf teymunum endurgjöf sem endaði á skemmtilegu hópefli fyrir teymin.

Kynjahlutfall þeirra sem komust áfram í topp 10 í ár var nokkuð jafnt og voru 25 % þeirra í virku háskólanámi.

Átta teymi hafa nú þegar sótt um Fræe styrk hjá Tækniþróunarsjóði og fengu þau öll styrkinn.



# TOPP 10 TEYMIN








## SOULTECH

Við styðjum við sálfræðinga í starfi með verkfæri sem heldur utan um meðferðir og auðveldar yfirsýn og eftirfylgni. Við gerum skjólstæðingum og almenningi kleift að fara í gegnum sálfræðimeðferðir í hugbúnaðnum. Þannig getur almenningur sótt sér sjálfshjálp sálfræðimeðferðir & skjólstæðingar hafa meðferðina á sér þegar þau þurfa mest á henni að halda.



## BAMBALÓ

Bambaló er lausn á vandamáli margra foreldra og forráðamanna á Íslandi sem þurfa að reiða sig á ættmenni eða vinarfólk til að komast í burtu frá heimilinu í nokkra tíma. Snjallforritið mun tengja saman foreldra og barnapiur á einfaldan, fljótlegan og öruggan hátt.



## SOFO SOFTWARE

SoFo eða Social PortFolio er gagnadrifinn samfélagsmiðill fyrir alla fjárfesta til að deila skoðunum, læra á markaðinn, og rísa á toppinn. Í SoFo deilir fólk meðmælum með eða á móti eignum sem færast í einkunn á trausti og gæðum meðmæla. Með traustari fjárfestingaráðum tekur ungt fólk betri fjárfestingar og hefur meira frelsi.



## SÁPULESTIN

Sápulestin lítur á steikingarolíuna sem stíflar fráveitukerfin og mengar sjávarlífið sem glötuð verðmæti. Sápulestin bjargar þessum fjársjóði og nýtir í kaldpressaðar sápur.



## AURORA INTERACTIVE

Aurora Interactive sér fyrir tilfærslu leikjamarkaðarins í átt að öruggara umhverfi og staðsetur sig til að vera leiðandi í gerð sögudrifinna leikja á heimsvísu. Aurora er í þróunarfasa á sínu fyrsta hugverki sem verður sögudrifinn ævintýraleikur í léttum anda.



## BETTER SEX

Better Sex er streymisveita fyrir fullorðna með faglegum og skemmtilegum fróðleik um kynlíf. Þú getur fræðst um allt mögulegt í tengslum við kynlíf og sambönd, á einum stað, með fremstu sérfræðingum í heimi, hvar sem er, hvenær sem er.



## STICH HERO

StitchHero er öflugur hönnunarhugbúnaðar með þægilegu viðmóti sem umbreytir hönnun í nýtanlega þrjónauppskrift. StitchHero hjálpar þrjónurum að láta hugmyndir sínar verða að veruleika með víðfeðmu hönnunarsafni, allt frá sniði, litamyndstri og mismunandi lykkjumyndstri fyrir margar tegundir flíka.




## EZZE

EZZE vill gera sölu og kaup á notuðum vörum jafn auðveld og skemmtileg og að skrolla á instagram!



## SNUX

Snux er einföld lausn til að styðja við atferlisbreytingu þegar einstaklingar hafa ákveðið að hætta notkun níkótínþúða. Þúðarnir eru framleiddir úr öruggu læknasílikoni, eru hannaðir út frá lögun klassískra níkótínþúða og eru endurnýtanlegir.



## PELLISCOL

PellisCol ætlar að þróa Spa húðvörur, kollagenböð og kollagen maska. Vörur PellisCol munu innihalda hágæða íslenskt kollagen sem unnið er úr þorskröði á einstakan og sjálfbæran hátt.





## LOKAKEPPNIN

Gulleggið fór fram 10. febrúar í hátíðarsal Grósku og í beinni útsendingu á Stöð 2 Vísi og beinu streymi á visir.is. Bergur Ebbs var kynni keppinnar og í panel voru þau Gunnar Hólmsteinn frumkvöðull og Hrönn Greipsdóttir framkvæmdarstjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem er einn af eigendum KLAK og situr Hrönn einnig í stjórn KLAK. Topp 10 teymin fluttu kynningarnar sínar með glæsibrag fyrir fullum sal en um 200 gestir mættu á keppnina í ár. Eftir að kynningum lauk var gert stutt hlé á dagskrá meðan farið var yfir niðurstöður dómnefndar. Rafrænni kosningu lauk einnig í hléi og voru sigurvegarar hennar tilkynntir strax að hléi loknu áður en sjálf úrslitin voru tilkynnt.

Gestir  
**+200**

Streymi  
**+1800**

Kosning  
**+800**

Keppendur  
**24**



# LOKAKEPPNIN





**KLAK** Icelandic  
Startups

**BAKHJARLAR**



Hug  
verka  
stofan



Nýsköpunarsjóður



KVÍKA  
Eignastýring



EYRIR INVEST



Samtök  
iðnaðarins



ÖLGERÐIN  
EGILL SKALLAGRÍMSSON



Háskólinn  
á Akureyri  
University  
of Akureyri

FRUMTAK  
VENTURES



Tækniþróunarsjóður



Stjórnarráð Íslands  
Háskóla-, iðnaðar- og  
nýsköpunarráðuneytið



HÁSKÓLI  
ÍSLANDS



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

BRUNNUR

.or!go.



ÍSLANDSSTOFA  
BUSINESS ICELAND





## Fyrstu þrjú sætin



Að venju var það Landsbankinn sem veitti fyrstu þremur sætunum vegleg peningaverðlaun.

1. Better Sex 1.000.000
2. Soultech 500.000
3. Stich hero 300.000

## Aukaverðlaun bakhjarla



Í ár voru fjögur fyrirtæki úr bakhjarlahóp Gulleggsins sem veittu aukaverðlaun. Það var alfarið í höndum hvers og eins fyrirtækis að velja það teymi sem það vildi veita verðlaunin.

KPMG	SOULTECK	20 TÍMA RÁÐGJÖF
MAREL	SÁPULESTIN	20 TÍMA RÁÐGJÖF
GRÓSKA	EZZE	AÐSTAÐA Í GRÓÐURHÚSINU
VÖRÐUR	SNUX	200.000

# VERÐLAUN

## Vinsælasta teymið



Almenningi gafst sá kostur að velja sitt uppáhalds teymi í rafrænni kosningu meðan á lokakeppninni stóð og voru það PellisCol frá Sauðárkróki sem unnu hana með stæl.



## DÓMNEFND

Dómnefnd Gulleggsins í ár var skipuð 17 einstaklingum úr bakhjarla- og eigenda hópi Gulleggsins. Fulltrúum dómnefndar gafst kostur á að taka þátt í Shark Tank sem haldin var þremur dögum fyrir keppni og gafst þar tækifæri til þess að heyra teymin pitcha og spyrja spurninga áður en lokakeppnin sjálf fór fram. Fyrirkomulag dómnefndar var með einföldum hætti en hver og einn dómari valdi þau teymi sem hann taldi eiga heima í fyrstu þremur sætunum. Þegar búið var að telja atkvæðin í hléi kom dómnefnd saman og samþykkti niðurstöður kosningar áður en úrslit voru tilkynnt.

Shark Tank

**15**

Dómnefnd

**17**





## VERÐLAUNAGRIPUR

Það hefur verið venja að nýútskrifaður vöruhönnuður úr Listaháskóla Íslands fái það hlutverk að hanna verðlaunagrip Gulleggsins. Í ár var það Salóme Hollanders og má hér sjá texta um gripinn og hugsjónina á bakvið hönnunina.

"Hello computer I have an idea I think is good enough to become something more than a thought.

Tölvun þekkir staðsetningu sína en skynjar ekki efnislegt umhverfi sitt né hið daglega líf sem þar á sér stað. Narratívan hverfist um samband fartölvu og ungrar konu sem tekur að sér að miðla því sem tölvun getur ekki skynjað í formi lýsinga á raunheiminum og mannlegrar hugsunar. Mannlegir eiginleikar samskiptanna eru færðir yfir á forritunartungumál, því formi sem kemst næst frumtungumáli tölvunnar. Samskiptin marka rýmið sem tölvun hefur til þess að velja sjálf þau hnit sem gera grein fyrir skynjun hennar á raunheiminum sem hún tjáir svo í formi línuteikninga. Steypuskúlptúr er unninn upp úr teikningum tölvunnar en þannig hefur tölvun, í gegnum samband sitt við konuna, raunveruleg efnisleg áhrif á umhverfi sitt. Raunheimurinn verður stafrænn og tölvun jafnframt manngerð. Formgerð eggisins markar þannig skynjun tölvunnar á titli verksins og tákna um leið hugmynd að klekjast út. Eggið er úr steypu og lakkað með háglanslakki."



## VERKEFNASTJÓRN

Verkefnastjórn Gulleggsins í ár var skipuð 10 háskólanemum úr HÍ, HR og HA. Hlutverk nefndarinnar snúa að mestu leiti að vísindaferðunum. Nefndin sá um að skipuleggja viðburðina í samvinnu við KLAK og var öflug þegar kom að því að kynna keppnina innan háskólanna í gegnum nemendafélög, samfélagsmiðla og fl. Frumkvöðla – og nýsköpunarnefndin kemur að undirbúningi, skipulagi og framkvæmd viðburðanna og er mikilvægur stuðningur þar við KLAK teymið.

## FRUMKVÖÐLA- OG NÝSKÖPUNARNEFND

Telma Rut Bjargardóttir - HÍ

Bjarki Leó Snorrason - HÍ

Birgitta Nótt Guðmundsdóttir - HÍ

Jeremi Zyrek - HÍ

Fanney Gunnarsdóttir - HA

Rebekka Rósinberg Harðardóttir - HR

Einar Andri Víðisson - HR

Magnús Már Gunnlaugsson - HR

Björn Thor Stefánsson - HR

Andri Freysson - HR



# MARKAÐSSETNING

## ÁHERSLUR OG MARKMIÐ

Í aðdraganda keppinnar var lögð áhersla á að ná til sem flestra háskólanema á landinu og bjóða þeim í vísindaferðirnar. Þar fór fram kynning á Gullegginu, nýsköpun og hvað það er sem felst í því að vera frumkvöðull. Einnig voru viðburðirnir hugsaðir sem vettvangur fyrir bakhjarla til þess að nálgast hópinn og kynna sína starfsemi.

- Nemendafélög, póstlistar, samfélagsmiðlar, skjáir innan háskólanna

Að vísindaferðum loknum var áhersla lögð á skráningu í Masterclass Gulleggsins, kynna hann og hvetja sem flesta til þess að taka þátt. Því næst voru það teymin 10 sem komust áfram og kapp lagt í það að kynna þau sem best út á við. Að lokum var keppnin kynnt. Boðið var á viðburðinn en einnig fór keppnin fram í opnu streymi.

- Útvarpsviðtöl, auglýsingaskilti, vefborðar, samfélagsmiðlar,

Umfjallanir

**33**

Fréttamiðlar  
Blaðagreinar

**26**

Útvarp/Sjónvarp

**7**



## MARKAÐSSETNING

### Vísindaferð

Vísindaferðir Gulleggsins voru ætlaðar háskólanemum óháð skóla. Tilgangurinn var að bjóða nemendum allra skólanna á sameiginlegan viðburð og kynna þá fyrir nýsköpun, frumkvöðlaumhverfinu á Íslandi og Gullegginu.

### Samfélags- miðlar

Samfélagsmiðlaherferð Gulleggsins var í höndum Sahara og beindist fyrst og fremst að Masterclass og lokakeppninni sjálfri. Einnig var markmiðið að vekja athygli á Gullegginu almennt og hafa keppnina sýnilega sem víðast.

### Umfjallanir

Gulleggið fékk um 33 umfjallanir í ár á yfir 12 miðlum samtals. Rík áhersla er lögð á að kynna topp 10 teymin og keppnina í gegnum umfjallanir.

### Háskólar

Auglýsingar voru birtar á auglýsingaskiltum í nágrenni við háskólana og á vefborðum Vísis í aðdraganda Masterclass og fyrir sjálfa lokakeppnina. Tölvupóstur voru sendir í gegnum nemendafélög og var keppnin auglýst í gegnum þeirra samfélagsmiðla einnig. Auglýsingar voru birtar á skjáum inna skólanna samhliða samfélagsmiðlaherferð.



# Áslaug Arna afhenti Gulleggið



Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, háskóla-, iðnaðar-, og nýsköpunarráðgjafi afhenti Gulleggið 2022.

## Á þriðja hundrað sóttu um í Gullegginu

● Í fyrsta sinn sem allir geta verið með

Umsóknarfrestur í Gullegginu, sem er eins og fram kemur í tilkynningu stærsta og elsta frumkvöðlakeppni Íslands, rann út á miðnætti í gær. Kristín Soffía Jónsdóttir framkvæmdastjóri Icelandic Startups segir ljóst að umsækjendur verði langtum fleiri en verið hefur síðustu ár. 250 manns höfðu staðfest þátttöku þegar Morgunblaðið ræddi við Kristínu seint í gær. Flestir umsækjenda eru með tilbúna viðskiptahugmynd en einnig er þó nokkuð af einstaklingum skráð án hugmyndar, að sögn Kristínar. Spurð um ástæðu fyrir hinni miklu þátttöku í ár segir Kristín að hún sé margþætt. Án efa spili inn í að nú í fyrsta skipti geti allir verið með, en áður þurftu teymi að innihalda a.m.k. einn háskólanema eða einhvern sem hefði klárað háskólanám á síðasta árinum. „Önnur ástæða er að við höfum flutt keppnina frá hausti og fram í janúar. Það hjálpar til við að kynna keppnina fyrir háskóla-samfélaginu.“ Samfélagið er fjölbreytt Kristín segir ástæðu þess að ákveðið var að opna keppnina fyrir fjölbreyttum hópur frumkvöðla er í Gullegginu. Þeir eiga þá að samfélagið sé fjölbreytt og takist á við margvíslegar áskoranir. Því þurfi fjölbreyttan hóp frumkvöðla. „Við erum alltaf að leysa þau vandamál sem upp koma í okkar eigin reynsluheimi. Ef hópurinn er af einleitar hugmyndir er líklegt að þeir hafi kallað masterkl þar verður fólk mynd og móta á frumkvöðlasemi þýði að vera frú sítakeppnin fer ári.“

MARKAÐURINN **Björtustu vonirnar keppast um Gulleggið 2022** **Það er einfalt að spara saman í appinu** **Mest lesið í dag í vikunni** 1. Stefna á Bandaríkjamarkaði **vísir** FRETTR VIDSKIPTI SPORT LIFID SKODUN INNHERJI **VIDSKIPTI INNLENT**

MARKAÐURINN **App fyrir þolendur tilbúið og nú vantar bara fjármagn** **ATHUGIÐ ÞESSI FRETT ER MEIRA EN 1 MÁNAÐA GÓMUL.**

**TVÍK hlaut Gulleggið 2022** **Arni Saeborg skrifar** 4. febrúar 2022 21:05

Almenningur kaus vinsælasta teymið á vefsíðu Gulleggs kusu og hlaut teymið Vetur Production þá flottu viðurk teymið styrk frá Advel. Frumkvöðlarnir á bak við hugm Einarsdóttir, Stella Björk Guðmundsdóttir, Hanna Dís F Jóniusdóttir og Ingibjörg Hrefna Pétursdóttir.

### 1. sæti: TVÍK

TVÍK, eða tæknivæddi íslenskukennarinn, er gagnvirkur styðst við nýjustu máltækniáferðir til að hjálpa þeim s skref í að læra íslensku.

### 1. sæti: SEIFER



SEIFER vinnur að því að hanna og þróa íþróttabúnað, á nýttur í rauntíma mælingar og gagnasöfnun varðandi h gagnasöfnun búnaðarins er hægt að endurbæta batafer heilahristingum í íþróttum.

### 1. sæti Lilja app

Lilja app, þjargráður þolenda til bættrar lagalegrar og fæ

### Vinsælasta teymið: Vetur Production

Vetur Production er íslenskt animation fyrirtæki sem fr úr biðstöðum eldri og nýjstingum. Áhersla er lögð á fj



Lokakeppni á vegum 4. febrúar tíu. Ásliar ráðgjafi verðlaur Fyrsta sa Safa Jem Gulleggið **Tengdar fréttir** **Hverjir voru hvar** 200 miður Íþróttir Enski Fólkið Smartland Matur Börn Ferðalög

### 1. sæti - Tvík

vik, eða tæknivæddi íslenskukennarinn, er gagnvirkur kennsluvettangur sem styðst við nýjustu máltækniáferðir til að hjálpa þeim em eru að stiga sín fyrstu skref í að læra íslensku.



eymið á bakvið Tvík.

### 1. sæti - Seifer

eifer vinnur að því að hanna og þróa íþróttabúnað, ásamt gagnarunni, sem sem er nýttur í rauntíma mælingar og gagnasöfnun arðandi háfúðhögg. Með gagnasöfnun búnaðarins er hægt að en irbæta bataferli og viðbragðsáætlanir gegn heilahristingum í íþró im.



mbl.is Forsíða Vískafti 200 miður Íþróttir Enski boltinn Fólkið Smartland Matur Börn Ferðalög Sporðaköst **Á þriðja hundrað sóttu um í Gullegginu** **Fjölbreyttur hópur frumkvöðla er í Gullegginu.** **Umsóknarfrestur í Gullegginu, sem er eins og fram kemur í tilkynningu stærsta og elsta frumkvöðlakeppni Íslands, rann út á miðnætti í gær. Kristín Soffía Jónsdóttir framkvæmdastjóri Icelandic Startups segir ljóst að umsækjendur verði langtum fleiri en verið hefur síðustu ár.** **Morgunblaðið**

**Viðskiptablaðið** MIDVÍKUDAGUR, 19. JANUAR 2022 **FORSÍÐA** **FÓLK** **SKOÐUN** **TÖLULÖB** **EFTIR VINNU** **FRJÁLS VERSL** **300 manns með í Gullegginu** **Um 300 þátttakendur skráðu sig í frumkvöðlakeppnina Gulleggið sem fer fram í fimmtánda skiptið um helgina.** **Erindi fl** **Samfélagið**

**Erindi fl Samfélagið** **Glatt var á hjalla í hátíðarsal Grósku þegar verðlaunafhendingin fór fram.**

**Samfélagið** **Lokakeppni Gulleggsins, stærstu og elstu frumkvöðlakeppni Íslands, á vegum Icelandic Startups fór fram í hátíðarsal Grósku föstudaginn 4. febrúar. Mikil spennan var í loftinu allan föstudaginn hjá teyminum tíu. Ásliug Arna Sigurbjörnsdóttir, vísinda- iðnaðar-, og nýsköpunarráðgjafi, tilkynnti um þrjú efstu sætin en Landsbankinn veitti verðlaunaféð.** **Fyrsta sætið hlaut TVÍK en frumkvöðlarnir eru þau Gamithra Marga, Safa Jemai og Atli Jasonarson. Annað sætið hlaut SEIFER og eru þau Guðrún Inga Marinósdóttir, Davíð Anderson og Bjarki Snorrason á bak við hugmyndina. Lilja app hreppi þriðja sætið**

FRÉTTABLADIÐ Fréttir Markaðurinn Sport Lífið Skoðun Kynningar Blöðin **Konur áberandi í efstu þremur sætum í Gullegginu** **Lífandi samfélag frumkvöðla** **MARKAÐURINN** **Konur áberandi í efstu þremur sætum í Gullegginu** **Umsóknarfrestur í Gullegginu, sem er eins og fram kemur í tilkynningu stærsta og elsta frumkvöðlakeppni Íslands, rann út á miðnætti í gær. Kristín Soffía Jónsdóttir framkvæmdastjóri Icelandic Startups segir ljóst að umsækjendur verði langtum fleiri en verið hefur síðustu ár.** **MARKAÐURINN** **App fyrir þolendur tilbúið og nú vantar bara fjármagn** **ATHUGIÐ ÞESSI FRETT ER MEIRA EN 1 MÁNAÐA GÓMUL.**

FRÉTTABLADIÐ Fréttir Markaðurinn Sport Lífið Skoðun Kynningar Blöðin **Innlent Erlent Skotslifur Sjónvarp**

FRÉTTABLADIÐ Fréttir Markaðurinn Sport Lífið Skoðun Kynningar Blöðin **Konur áberandi í efstu þremur sætum í Gullegginu** **Lífandi samfélag frumkvöðla** **MARKAÐURINN** **Konur áberandi í efstu þremur sætum í Gullegginu** **Umsóknarfrestur í Gullegginu, sem er eins og fram kemur í tilkynningu stærsta og elsta frumkvöðlakeppni Íslands, rann út á miðnætti í gær. Kristín Soffía Jónsdóttir framkvæmdastjóri Icelandic Startups segir ljóst að umsækjendur verði langtum fleiri en verið hefur síðustu ár.** **MARKAÐURINN** **App fyrir þolendur tilbúið og nú vantar bara fjármagn** **ATHUGIÐ ÞESSI FRETT ER MEIRA EN 1 MÁNAÐA GÓMUL.**

**Samfélagið** **Glatt var á hjalla í hátíðarsal Grósku þegar verðlaunafhendingin fór fram.** **Lokakeppni Gulleggsins, stærstu og elstu frumkvöðlakeppni Íslands, á vegum Icelandic Startups fór fram í hátíðarsal Grósku föstudaginn 4. febrúar. Mikil spennan var í loftinu allan föstudaginn hjá teyminum tíu. Ásliug Arna Sigurbjörnsdóttir, vísinda- iðnaðar-, og nýsköpunarráðgjafi, tilkynnti um þrjú efstu sætin en Landsbankinn veitti verðlaunaféð.** **Fyrsta sætið hlaut TVÍK en frumkvöðlarnir eru þau Gamithra Marga, Safa Jemai og Atli Jasonarson. Annað sætið hlaut SEIFER og eru þau Guðrún Inga Marinósdóttir, Davíð Anderson og Bjarki Snorrason á bak við hugmyndina. Lilja app hreppi þriðja sætið**

um fjóða gæta á skjáráð veltur þann. Verkefni starfráttar skilandi. Startups eru fljótur að vaxa og að þeir hafi verið aðilinn og þá var fundið að ljóða upp á vaxandi daglega. Öppunin stungur til á bakvið í övrum línum og á Skó 2 Vísir er hálftíu á Grósku og vísir er fljótur að vaxa.




**TVÍK hlaut Gulleggið 2022** **Arni Saeborg skrifar** 4. febrúar 2022 21:05 **Teymið á bak við TVÍK. Frá vinstri: Gamithra Marga, Safa Jemai og Atli Jasonarson.**

**Teymið á bak við TVÍK, eða tæknivædda íslenskukennarinn, vann Gulleggið 2022 elstu frumkvöðlakeppni landsins.** **Gulleggið er elsta frumkvöðla á borð við Controlant, Meniþ** **Lífandi samfélag frumkvöðla** **Þátttakendur starfráttar hafa eigið sín fyrstu ástæði í keppninni og nú þegar er á ferðinni. Controlant, Kamilla Pául og Síða Síða. Af þessum 133 höfundum eru þessu línu í. Þar af yfir átíttu keppendur eru vinnu sendar línu í lokakeppnina, vinnu til valdar til að keppa um Gulleggið 2022 þann 4. febrúar vaxandi.** **Lífandi samfélag frumkvöðla** **Þátttakendur starfráttar hafa eigið sín fyrstu ástæði í keppninni og nú þegar er á ferðinni. Controlant, Kamilla Pául og Síða Síða. Af þessum 133 höfundum eru þessu línu í. Þar af yfir átíttu keppendur eru vinnu sendar línu í lokakeppnina, vinnu til valdar til að keppa um Gulleggið 2022 þann 4. febrúar vaxandi.**




# FJÖLDI GESTA Á VIÐBURÐUM






# SAMANBURÐUR MILLI ÁRA



Skráning í Masterclass



Fjöldi gesta á viðburðum







## SAMFÉLAGSMIÐLAR

Sahara sá um markaðsherferðir á samfélagsmiðlum fyrir Gulleggið í ár. Settar voru upp nokkrar herferðir frá október til janúar. Markmið herferðanna var að fá sem flesta smelli á vefsíðu, dreifa markaðsefni sem víðast og hvetja til þátttöku í Masterclass.

- Almennar auglýsingar um þátttöku í Gullegginu
- Brand Awareness auglýsingar um keppnina
- Auglýsingar um viðburðina, vísindaferðir og live útsendingu






# SAMFÉLAGSMIÐLAR

## SAHARA

### Markmið herferða




### Facebook & Instagram




Heildar svörun við birtingum voru 124.769 einstaklingar. Hér er átt við like, comment, views, smelli og fl. Tæplega 60.000 einstaklingar á aldrinum 25 - 34 ára sáu auglýsingar herferðarinnar á Facebook og Instagram og yfir 3.000 manns á sama aldri sýndu viðbrögð við auglýsingunum og smelltu á þær. Hér neðar má sjá samanburð milli ára og er áhugavert að sjá vöxt aldurshópsins 35 - 44 ára


### Kynjahlutfall



### 2022



### 2023








100 % þeirra bakhjarla sem svöruðu könnuninni fannst Gulleggið mæta væntingum sínum vel eða mjög vel

### Hvaða væntingar hafðir þú til keppinnar sem bakhjarl Gulleggsins?

- Þetta var mitt fyrsta skipti þannig ég bjóst við meiru af kynningunum á Shark Tank kynningunni, vissi ekki að þetta væri kannski svona alveg á byrjunarstigi.
- Styðja við og kynnast betur frumkvöðlasamfélaginu
- Aukinn sýnileiki startupsenunnar
- Að sjá frambærilegar kynningar á raunhæfum verkefnum. Læra eitthvað nýtt og geta haft áhrif á uppbyggingu nýrra verkefna.





Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi hluta Gulleggsins?



### Er eitthvað sem ykkur fannst sérstaklega gott við verkefnið?

- Allt mjög vel skipulagt og mikil framför á kynningum milli shark tank og lokadagsins.
- Mjög góð upplýsingagjöf til bakhjarla og mikil framför þar á. Flott teymi hjá ykkur sem leggur metnað í verkefnið. Við hjá Origo höfum líka nýtt okkur þá sérfræðipekkingu sem þið búið yfir og hefur nýst okkur vel í okkar ofurhetjudögum.
- Lokadagurinn fór mjög vel fram. Mikið af flottu fólki sem þið hafið fengið til liðs við verkefnið sem eykur trúverðugleika þess og gerir reynsluna fyrir teymin sem taka þátt enn verðmætari.
- Sýnileiki keppinnar.


### Er eitthvað sem þið hefðuð viljað sjá öðruvísi framkvæmt ?

- Leiðbeiningar um góðar kynningar mættu kannski vera ítarlegri get ég ímyndað mér þar sem mér fannst kynningarnar upp til hópa ekkert sérstaklega góðar.
- Aðeins jafnari kynjahlutföll dómara
- Kannski eitt lítið note fyrir Lokaviðburðinn. Okkur fannst þetta svo geggjað að fá að sjá alla keppendur með pitchið sitt og margir sem eru sama sinnis. En þetta var aðeins of langt með því að hafa dómarspurningarnar inní líka - aðeins ofaukið. Að okkar mati ætti þetta að vera geggjað FINAL SHOW sem er ekki of langt.
- Heilt yfir er ég ánægð með framkvæmd Gulleggsins og mikil framför orðin á sl. ár. Verð þó að viðurkenna að mér fannst topp 10 og topp 3 í ár vera aðeins síðri en ég átti von á.
- Nei en mögulega er hægt að gera betur í að koma merki bakhjarla á social efni Gulleggsins.
- Það mættu vera skýrari leiðbeiningar til dómnefndar Gulleggsins varðandi hvaða viðmið er verrið að nota í vali á sigurvegurum. Er verið að velja besta pitchið/kynninguna eða bestu viðskiptahugmyndina. Það virðist ekki allir vera að dæma hópana eftir sama skala. Síðan á auðvita ekki að breyta "reglunum" eftir, þ.e. að kjósa aftur þó svo að í ár hafi litlu munað á milli hópa.






Þátttaka í Masterclass, aukið tengslanet og það að fá rýni á hugmyndina sína voru þeir þættir sem þátttakendur töldu skipta sig mestu máli. Einnig töldu þátttakendur Gulleggið gefa hugmyndinni ákveðin gæðastimpil og opna á tengsl inn í frumkvöðlasenuna.



83% þátttakenda fannst Gulleggið hafa mætt væntingum sínum vel eða mjög vel




Viðhorfskönnun Masterclass




Hversu vel undirbúinn fannst þér þú vera til þess að útbúa eftirfarandi liði í 10 glæru pitch deck ?

Óánægð/ur eða mjög ánægður   Hvorki né   Ánægð/ur eða mjög ánægður   Hlustaði ekki né mætti



Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti Masterclass?





Hversu ánægð/ur varst þú með eftirfarandi þætti keppinnar eftir að þú komst í topp 10?



### Tilvitnanir frá þátttakendum topp 10

- Gulleggið hjálpaði okkur að skerpa á hugmyndinni okkar á mjög skömmum tíma. Mögnuð upplifun, frábær reynsla, takk fyrir okkur!
- Ekki hika! Skráðu þig bara þú hefur engu að tapa! Ferlið gefur þér ómótstæðilega reynslu og nýja sýn inn í frumkvöðla heiminn! Do it!
- Við komum labbandi inn í Gulleggið með hugmyndina okkar en förum út á hlaupum.
- Þátttaka í Gullegginu hjálpaði ekki bara við að skilgreina viðskiptahugmynd, heldur fengum við að vinna með frábæru og reynslumiklu fólki hjá Klak í leiðinni. Gulleggið var æðisleg reynsla sem allir ættu að nýta sér.
- Fékk mig algjörlega til að hugsa gagn hugmyndarinnar frá öðru sjónarhorni sem hefur hjálpað teyminu mjög mikið
- Gulleggið getur breytt ómótaðri hugmynd í haldbært tækifæri og þannig mótað draum að veruleika
- Gulleggið er besta fyrsta skref í nýsköpun sem við getum hugsað okkur og svo skemmtileg upplifun. Klak teymið stóð sig svo vel að halda viðburðina og fá fyrsta flokks erindi í masterclassið! Ómetanlegur stuðningur, tengsl og vináttur sem maður fær í gegnum ferlið




## Hvaða væntingar hafðir þú til Gulleggsins og þátttöku þinnar þar? Hversu vel eða illa mætti Gulleggið væntingum þínum?

- Ég bjóst ekki við öllum þessum frábæru fyrirlestrum en hefðum þegið meiri tíma í vinnustofur.
- Að kynna frumkvöðla starfsemi og byggja tengslanet.
- Að kjarna hugmyndina okkar, mynda tengsl í start-up samfélaginu, og læra betur á hvernig þessi heimur virkar.
- Ekkert brjáláðslega miklar og var því mjög ánægður að komast í top 10
- Að fá fyrsta flokks kennslu í masterclassinu og tengjast öðrum frumkvöðlum


# TÖLFRÆÐI

## Viðhorfskönnun Topp 10

Tæplega helmingur þátttakenda hefði viljað fleiri pitch æfingar ásamt endurgjöf frá fagaðilum.




Þátttakendur töldu Gulleggið mæta væntingum sínum vel eða mjög vel





## Bakhjarlar




NPS skor

Hversu líklegt er að þú myndir mæla með samstarfi við KLAK - Icelandic Startups á skalanum 0-10?

Viðhorfskönnun bakhjarla miðað við 13 svör

## Masterclass




NPS skor

Hversu líklegt er að þú myndir mæla með því að taka þátt í Gullegginu við vin eða samstarfsfélaga á skalanum 0-10?

Viðhorfskönnun Masterclass miðað við 56 svör

## Topp 10



NPS skor

Hversu líklegt er að þú myndir mæla með því að taka þátt í Gullegginu við vin eða samstarfsfélaga á skalanum 0-10?

Viðhorfskönnun Topp 10 miðað við 9 svör





# GULLEGGIÐ 2023

**TAKK FYRIR OKKUR!**

